

66

16. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa innflutning á síldarbræðsluskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samgöngumálaráðherra hefur tjáð mér, að tekizt hafi að festa kaup á skipi í Bandaríkjunum til þess að setja í það síldarbræðslutæki, en þar sem skip þetta sé eldra en 12 ára, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa innflutning skips, sem í verða sett síldarbræðslutæki, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 38. gr. laga nr. 68/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júlí 1948.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

67

16. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um innflutningsgjald af benzíni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að láðzt hafi að framlengja fyrirmæli 1. gr. laga nr. 53 7. maí 1946, um 5 aura viðbótarinnflutningsgjald af benzíni. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1948 var gert ráð fyrir þessu viðbótarinnflutningsgjaldi og í fjárlögunum var áætlun á innflutningsgjaldi af benzíni ekki lækkuð, þannig að sjá má að Alþingi hefur gert ráð fyrir viðbótinni. Nú skortir hins vegar lagaheimild til að innheimta umrædda viðbót og telur ráðuneytið að nauðsynlegt sé að fá slíka heimild til þess að innflutningsgjaldið sé löglega innheimt.

Fyrir því er hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Auk þess innflutningsgjalds af benzíni, sem innheimta skal samkvæmt fyrirmælum a-liðar 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, 4 aura af hverjum lítra, skal innheimta 5 aura innflutningsgjald af hverjum lítra á árinu 1948. Ákvæði nefndra laga nr. 84 1932 gilda um innheimtu og endurgreiðslu þessa viðbótarinnflutningsgjalds.